

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, 186 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að 24. sept. máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. september 1943.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

187

25. sept.

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum frá 10. maí 1943, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir samkvæmt 36. og 37. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts, stríðsgróðaskatts og verðlækkunarskatts 1943:

Í Reykjavík.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera til 10. október þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 25. september 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóhönnu Einars- 188 dóttur í Ási“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. sept. 27. september 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Einarsdóttur í Ási.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóhönnu Einarsdóttur í Ási, og má aldrei breyta nafninu. Hann er stofnaður á áttugasta fæðingardeggi manns hennar, Guðmundar Ólafssonar frá Ási, 10. júlí 1943, af Guðmundi, börnum hans og fósturbörnum, með fjárframlagi þeirra, að upphæð kr. 2000.00.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja konur, ógiftar sem giftar, fullra 16 ára að aldri, til þess að nema húsmæðrafræðslu. Skulu styrkþegar vera búsettir innan Rípurhrepps, og afkomendur Jóhönnu jafnan sitja fyrir styrk úr sjóðnum að öðru jöfnu.